

# STJÓRNARTÍÐINDI A 20 – 1994

---

23. nóvember 1994

365

Nr. 128

## LÖG

### um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt með reglugerð að takmarka ráðstöfun síldar til bræðslu ef telja verður slíkt nauðsynlegt til að tryggja hráefni til vinnslu síldar til manneldis.

Með reglugerð skv. 1. mgr. má ákveða að allri síld, sem veidd er eftir tiltekið tímamark, skuli ráðstafað til manneldisvinnslu eða að hvert skip skuli ráðstafa ákveðnu hlutfalli af afla eftir ákveðið tímamark til manneldisvinnslu.

#### 2. gr.

Ráðherra skal leita umsagnar samráðsnefndar Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, svo og umsagnar samtaka sjómanna, um ráðstöfun síldarafila áður en reglugerð er sett um takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu samkvæmt lögum þessum.

Við mat á því hvort takmörkun á ráðstöfun síldar til bræðslu sé nauðsynleg skal ráðherra líta annars vegar til þeirra aflaheimilda sem fyrir hendi eru þegar ákvörðun er tekin og hins vegar til gerðra samninga um sölu á frystum eða söltuðum síldarafurðum, sem og söluhorfa á þessum afurðum.

#### 3. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. nóvember 1994.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*